

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur á fundi sínum 19. maí 2020, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi:

Eftirtaldar götur verða göngugötur:

- a. Laugavegur frá Klapparstíg að Ingólfsstræti.
- b. Vegamótastígur frá Laugavegi að Grettisgötu.
- c. Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti að Laugavegi.

Umferð ökutækja vegna vöruafgreiðslu verður heimil milli kl. 07.00 og 11.00 frá mánudegi til föstudags og milli kl. 08.00 og 11.00 á laugardögum.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt breytingum.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 10. júlí 2020.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2020